

LANDSRÉTTUR

Úrskurður föstudaginn 28. nóvember 2025.

Mál nr. 681/2025:

A

(sjálf)

gegn

B og

C

(Fjölnir Ólafsson lögmaður)

Lykilorð

Kærumál. Dánarbú. Opinber skipti. Fasteign. Veðskuldabréf. Málsástæða. Kærumálgögn. Frávísun frá Landsrétti að hluta.

Útdráttur

Kærður var úrskurður héraðsdóms þar sem hafnað var öllum kröfum A en fallist á nánar tilgreindar kröfur B og C í tengslum við ágreining aðila við opinber skipti á dánarbúi D. Fyrir Landsrétti gerði A fjórar dómkröfur. Í úrskurði Landsréttar kom fram að ein þeirra dómkrafta ætti sér ekki stöð í erindi skiptastjóra, sem afmarkað hefði þann ágreining sem beint var til héraðsdóms, og hefði ekki verið til úrlausnar í héraði. Var þeirri kröfu sjálfkrafa vísað frá Landsrétti. Að öðru leyti var hinn kærði úrskurður staðfestur með vísan til forsendna hans.

Úrskurður Landsréttar

Landsréttardómararnir Hervör Þorvaldsdóttir, Kristinn Halldórsson og Símon Sigvaldason kveða upp úrskurð í máli þessu.

Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- Sóknaraðili skaut málinu til Landsréttar með kæru 26. september 2025. Greinargerð varnaraðila barst réttinum 17. október sama ár. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 25. september 2025 í málinu nr. Q-[...]/2024 þar sem hafnað var öllum kröfum sóknaraðila en fallist á kröfur varnaraðila um 1) að við opinber skipti á dánarbúi D skuli beita helmingaskiptareglu hjúskaparlaga nr. 31/1993, þar á meðal um fasteignina E, 2) að veðskuldabréf nr. [...], sem hvílir á séreign sóknaraðila F, skuli ekki teljast til skulda dánarbúsins og 3) að við skiptin beri að miða verðmat fasteignarinnar E og bifreiðarinnar G við verðmæti þeirra þegar útlagning fer fram. Kæruheimild er í 1. mgr. 133. gr. laga nr. 20/1991 um skipti á dánarbúum o.fl.
- Sóknaraðili krefst þess að hinum kærða úrskurði verði hrundið og fallist á kröfur hennar fyrir Landsrétti, sem telja verður þessar: 1) Að 73% eignarhluti sóknaraðila í fasteigninni að E verði undanþeginn skiptum og komi að fullu í hennar hlut. 2) Að við

útlagningu bifreiðarinnar H til sóknaraðila við skiptin verði lagt til grundvallar að verðmæti hennar sé ekkert. Þá skuli við útlagningu á 66,67% eignarhluta í bifreiðinni G til sóknaraðila draga rekstrar-, viðhalds- og bifreiðagjöld sem fallið hafi til frá andláti D frá verðmæti hennar. 3) Að skuld samkvæmt veðskuldabréfi, sem hvíli á fasteigninni F, skuli teljast skuld dánarbúsins og koma til frádráttar hjúskapareignum. 4) Að viðurkennd verði skaðabótaskylda varnaraðila „vegna framlagðra falsaðra sönnunargagna, sbr. dskj. 4.2, auk vanrækslu á sönnunarbyrði þeirra í málinu“, og „að Landsréttur taki afstöðu til refsiviðurlaga samkvæmt ákvæðum laga um meðferð opinberra mála og almenn hegningarlög um skjalafals og fölsunarbrot.“

- 3 Varnaraðilar krefjast staðfestingar hins kærða úrskurðar, auk kærumálskostnaðar.
- 4 Í forsendum hins kærða úrskurðar er að finna þá misritun að vísað er til athugasemda við 5. mgr. 22. gr. í frumvarpi því sem orðið hafi að lögum um gjaldþrotaskipti o.fl. Augljóst er að sú vísun er til athugasemda í frumvarpi sem varð að lögum nr. 20/1991.

Niðurstaða

- 5 Með bréfi 28. október 2024 vísaði skiptastjóri í dánarbúi D ágreiningi sem risið hafði undir skiptunum til úrlausnar héraðsdóms á grundvelli 122. gr. laga nr. 20/1991. Svo sem rakið er í hinum kærða úrskurði laut sá ágreiningur að fjórum atriðum. Í fyrsta lagi hvort víkja skyldi frá helmingaskiptareglu hjúskaparlaga varðandi eignarhluta sóknaraðila í fasteigninni E á grundvelli 104. gr. laganna, en einnig hvort uppfyllt væru lagaskilyrði fyrir því að eignarhlutanum yrði haldið utan skipta á þeim grunni að eignin teldist til fasteignar í atvinnurekstri sóknaraðila. Í öðru lagi greindi aðila á um hvort skuld samkvæmt veðskuldabréfi nr. [...] frá 23. desember 1998, sem hvíldi á séreign sóknaraðila að F, teldist til skulda dánarbúsins eða skyldi fylgja séreigninni. Í þriðja lagi laut ágreiningur aðila að því hvaða tímamark bæri að leggja til grundvallar við ákvörðun viðmiðunarverðs eigna dánarbúsins við útlagningu. Að síðustu laut sá ágreiningur sem skiptastjóri vísaði til héraðsdóms að kröfu sem sonur sóknaraðila, I, hafði lýst í dánarbúið. Með hinum kærða úrskurði var þeirri kröfu hafnað. Í kærði þá niðurstöðu ekki til Landsréttar og er úrlausn héraðsdóms um kröfu hans því ekki til endurskoðunar fyrir réttinum.
- 6 Erindi skiptastjóra til héraðsdóms afmarkaði þann ágreining sem beint var til dómsins til úrlausnar, sbr. 3. tölulið 1. mgr. 122. gr. laga nr. 20/1991. Þar sem fjórða dómkrafa sóknaraðila fyrir Landsrétti, sem rakin er að framan, á sér ekki stoð í erindi skiptastjóra og var ekki til úrlausnar í héraði verður henni vísað sjálfkrafa frá Landsrétti.
- 7 Nýjar málsástæður sem sóknaraðili hefur uppi í kæru og greinargerð sinni til Landsréttar komast ekki að í málinu, sbr. 2. mgr. 163. gr., sbr. 4. mgr. 150. gr., laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 2. mgr. 131. gr. og 3. mgr. 133. gr. laga nr. 20/1991.

- 8 Að framansögðu gættu en að öðru leyti með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.
- 9 Eftir úrslitum málsins verður sóknaraðila gert að greiða varnaraðilum kærumálskostnað eins og greinir í úrskurðarorði.
- 10 Það athugist að frágangur sóknaraðila á kærumálgögnum samræmist ekki 5. gr. reglna Landsréttar um kærumálgögn í einkamálum nr. 1/2018 sem settar voru með heimild í 6. mgr. 147. gr. laga nr. 91/1991. Þá var hvorki lagaheimild fyrir framlagningu annarrar greinargerðar sóknaraðila 13. október síðastliðinn né þeim skriflega málflutningi sem á eftir fylgdi.

Úrskurðarorð:

Vísað er frá Landsrétti fjórðu dómkröfu sóknaraðila, A, um viðurkenningu skaðabótaskyldu og refsiviðurlög.

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðili greiði varnaraðilum, B og C, hvorum um sig, 250.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 25. september 2025

Málsmeðferð og dómkröfur aðila.

Mál þetta, sem þingfest var 20. nóvember 2024, barst dóminum 29. október s.á. með bréfi skiptastjóra dánarbús D, var tekið til úrskurðar 3. september 2025. Sóknaraðilar málsins eru B og C, en varnaraðilar eru A og I.

1.

Í bréfi skiptastjóra til dómsins, dags. 28. október 2024, kemur fram að ekki sé þörf á aðild búsins við meðferð málsins fyrir dómi. Þar segir að rekin hafi verið nokkur ágreiningsmál á milli sömu aðila fyrir dómi. Á fyrsta skiptafundi í dánarbúinu, sem haldinn var 27. janúar 2022, hafi verið ljóst að meginágreiningur aðila hafi lotið að gildi kaupmála sem D heitinn og ekkja hans, varnaraðili A, gerðu þann 21. maí 2019 um 75% fasteignarinnar E. Þeim þætti málsins hafi lokið með úrskurði Landsréttar 9. september 2022 í máli nr. 387/2022 þar sem komist var að þeirri niðurstöðu að kaupmálinn væri ógildur.

Með bréfi skiptastjóra til héraðsdóms, 6. febrúar 2023, hafi að nýju verið borinn undir héraðsdóm ágreiningur sem laut að kröfu varnaraðila A um að vikið yrði frá helmingaskiptareglu hjúskaparlaga, sbr. 104. gr. laga nr. 31/1993. Þá krafðist A þess að veðskuldabréf áhvílandi á séreign hennar að F teldist til skulda dánarbúsins en ekki til skuldar séreignarinnar. Máli þessu var vísað frá dómi með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur 28. september 2023 í máli nr. Q-[...]/2023 sem staðfestur var með dómi Landsréttar 24. nóvember 2023 í máli nr. 711/2023.

Á skiptafundi 3. október 2024 hafi skiptastjóri reynt sættir án árangurs. Í bréfi skiptastjóra segir að ágreiningur málsaðila lúti að eftirfarandi atriðum:

1. Hvort víkja skuli frá helmingaskiptareglu hjúskaparlaga varðandi eignina E, á grundvelli 104. gr. laga nr. 31/1993, sem er skráð eign varnaraðila A. Einnig sé á því byggt af hálfu varnaraðila A að eignin teljist til fasteignar í atvinnurekstri og beri þess vegna að halda utan skipta. Sóknaraðilar B og C krefjast þess að eignin teljist til hjúskapareignar D og A.

2. Hvort veðskuldabréf nr. [...], dags. 23. desember 1998, sem hvílir á séreign A að F, fastanúmer [...], teljist til skulda dánarbúsins eða skuli fylgja séreigninni. Sóknaraðilar B og C krefjast þess að skuldin tilheyri séreign A en ekki með skuldum dánarbúsins.

3. Hvaða dagsetningu beri að leggja til grundvallar við ákvörðun viðmiðunarverðs eigna dánarbúsins við útlagningu. A telji að miða beri við dánardag D, en sóknaraðilar telja að miða beri við verðmat eignanna þegar útlagning á sér stað.

4. Þá hafi sonur A, I, lýst kröfu í dánarbúið að fjárhæð 12.376.428 krónur. Sóknaraðilar hafi mótmælt kröfunni sem of seint fram kominni og telji hana ekki til skulda dánarbúsins.

2.

Dómkröfur málsaðila samkvæmt greinargerðum þeirra til dómsins.

a. *Sóknaraðilar B og C* krefjast þess í fyrsta lagi að við skipti á dánarbúi D skuli beita helmingaskiptareglu 103. gr. hjúskaparlaga nr. 31/1993 þannig að dánarbúið og varnaraðili A eigi hvort um sig tilkall til helmings af 73% eignarhlutar varnaraðila A í E.

Í öðru lagi að veðskuldabréf nr. [...], dags. 23. desember 1998, sem hvíli á séreign A, teljist ekki til skulda dánarbúsins og skuli ekki koma til frádráttar við skipti þess.

Í þriðja lagi að við innlausn A á búshluta dánarbúsins í fasteigninni E verði miðað við 63.500.000 króna verðmat J fasteignasala frá 7. nóvember 2022 og við innlausn A á búshluta dánarbúsins í bifreiðinni G verði miðað við 1.600.000 króna verðmat K bifreiðasala frá 3. nóvember 2022, í báðum tilvikum að teknu tilliti til hækkunar samkvæmt 5. mgr. 22. gr. laga nr. 20/1991.

Í fjórða lagi að krafa varnaraðila I, að fjárhæð 12.376.428 krónur, falli ekki undir skipti dánarbúsins.

Þá krefjast sóknaraðilar greiðslu málskostnaðar úr hendi varnaraðila.

b. *Dómkröfur varnaraðila A og I.*

Dómkröfur varnaraðila eru efnislega í samræmi við lýsingu skiptastjóra á ágreiningi málsaðila, en samkvæmt sameiginlegri greinargerð þeirra til dómsins er dómkröfum þeirra lýst þannig:

1. Varnaraðili A krefst þess að fasteignin E komi að fullu í hennar hlut og að vikið verði frá helmingaskiptareglu 103. gr. laga nr. 31/1993. Sama gildi um bifreiðina G. Auk þess verði tekið tillit til framlags hennar að fjárhæð 500.000 krónur til kaupa á bifreiðinni auk rekstrar- og viðhaldskostnaðar hennar vegna bifreiðarinnar.

2. Að hjúskaparskuld hennar og D samkvæmt veðskuldabréfi sem hvíli á F skuli koma til frádráttar hjúskapareignum dánarbúsins

3. Að tímamark viðmiðunar verðmats á fasteigninni E miðist við andlátsdag D, og sé hækkun samkvæmt 5. mgr. 22. gr. laga nr. 20/1991 mótmælt. Þá skuli miða verðmat bifreiðarinnar við 11. nóvember 2021, sem er stuttu eftir andlát D og það skuli vera 1.400.000 krónur.

Varnaraðili I krefst þess að persónulegt lán að fjárhæð 12.376.428 krónur sem hann veitti varnaraðila A til að standa straum af íbúðarkaupum 73% og vegna reksturs á íbúðinni falli undir skipti dánarbúsins, sbr. 2. mgr. 104. gr. hjúskaparlaga.

3.

Málsatvik

D sem var fæddur [...] lést [...] 2021. Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur 11. janúar 2022 var dánarbú hans tekið til opinberra skipta að beiðni sóknaraðila málsins 20. júlí 2021. D átti þrjá syni úr fyrri hjónabandi, sem eru lögerfingjar hans, auk varnaraðila A.

D og A gengu í hjúskap á árinu 1994 eftir að hafa kynnst í gegnum bréfaskipti. Um 10 árum síðar tók D að glíma við líkamleg veikindi sem hrjáðu hann til dánardags. Hófu þau D og A búskap saman í félagslegu leiguhúsnæði á vegum L að F þar sem bjuggu á árunum 1995 til 2004.

Með kaupsamningi 23. desember 1998 keypti A fasteignina F af L. Var kaupverðið m.a. greitt með veðskuldabréfi frá M, útgefnu sama dag. Voru þau D og A bæði skráð sem lántakar á veðskuldabréfið og var því þinglýst á eignina. Í kjölfar kaupanna gerðu þau með sér kaupmála um eignina, dags. 28.

desember 1998, þar sem fasteignin var gerð að séreign A og var veðskuldarinnar sérstaklega getið í kaupmálanum. Er fasteignin enn í eigu A.

Í ársbyrjun 2005 fékk D úthlutað félagslegu húsnæði frá N að O, á grundvelli leigusamnings, dags. 25. febrúar 2004. Fluttu þau hjón lögheimili sitt þangað í kjölfarið og bjuggu þar saman allt þar til A flutti af landi brott til [...] á árinu 2009 þar sem hún var búsett næstu 10 árin, eða allt til ársins 2019. A var allan tímann áfram skráð með lögheimili að O og þar til D lést [...]árið 2021.

A hefur alla tíð starfað við [...]. Samkvæmt gögnum málsins aðstoðaði D hana að einhverju leyti í tengslum við störf hennar. Í tölvu D liggja þannig fyrir upplýsingar um þá starfsemi hennar, auk þess sem kassar með [...]gögnum og reikningum voru í íbúðinni að O. Þegar A flutti aftur til Íslands á árinu 2019 annaðist hún D í veikindum hans og þáði m.a. umönnunarbætur vegna þessa.

Með kaupsamningi, dags. 21. maí 2019, keyptu varnaraðilar saman íbúð að E. Var varnaraðili I skráður eigandi að 27% hlut en A að 73%. Sama dag var gerður kaupmáli á milli A og D, þar sem mælt var fyrir um að eignarhlutur A væri séreign hennar. Voru sonur og tengdadóttir hennar vottar að kaupmálanum. Ágreiningur var um gildi kaupmálans og með úrskurði Landsréttar 9. september 2022 í máli nr. 387/2022 var viðurkennt að kaupmálinn uppfyllti ekki skilyrði laga um staðfestingarhæfi votta og væri af þeim sökum ógildur og skyldi ekki lagður til grundvallar við skiptin. Í kjölfar þessarar niðurstöðu reyndi þáverandi skiptastjóri að leysa úr ágreiningi málsaðila. Var málinu vísað til Héraðsdóms Reykjavíkur þar sem það fékk málsnúmerið Q-[...]/2023. Fór svo að því máli var vísað frá héraðsdómi þar sem málatilbúnaður A, sem fór með málið til sóknar, fullnægði ekki ákvæðum d- og e-liðar 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991, sbr. 2. mgr. 131. gr. laga nr. 20/1991. Var úrskurður héraðsdóms staðfestur með úrskurði Landsréttar 24. nóvember 2023 í máli nr. 711/2023.

Þau ágreiningsmál sem skiptastjóri hefur nú vísað til héraðsdóms eru í aðalatriðum efnislega þau sömu og í hinu fyrra máli sem vísað var frá dóminum.

Skiptastjóri aflaði verðmata óháðra aðila á annars vegar fasteigninni E og hins vegar bifreiðinni G. Annars vegar er um að ræða verðmat J, fasteignasala hjá [...], dags. 7. nóvember 2022, þar sem söluverð fasteignarinnar E á þeim tíma var metið 63.500.000 krónur. Hins vegar er um að ræða mat K, sölumanns hjá [...], dags. 3. nóvember 2022, þar sem söluverð bifreiðarinnar G á þeim tíma var metið 1.600.000 krónur.

4.

1. Helstu málsástæður og lagarök sóknaraðila

Sóknaraðilar byggja í fyrsta lagi á því að 73% eignarhlutur fasteignarinnar E teljist hjúskapareign D heitins og A og skuli skipt í samræmi við helmingaskiptareglu 103. gr. laga nr. 31/1993. Eignarhlutur A í fasteigninni teljist hjúskapareign hennar, sbr. 54. gr. laga nr. 31/1993. Er hafnað málsástæðum varnaraðila um að eignin sé nauðsynleg til atvinnurekstrar A sem skuli halda utan skipta, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 102. gr. laga nr. 31/1993, og um að beita skuli skáskiptareglu 104. gr. laganna við skiptin.

Sóknaraðilar benda á að engar upplýsingar eða gögn liggja fyrir um að fasteignin hafi verið sérstakt atvinnuhúsnæði varnaraðila, en atvik að baki fjármögnun kaupanna séu ekki ljós. Þá liggja ekkert fyrir um að fasteignin sé nauðsynleg til atvinnurekstrar varnaraðila A en um sé að ræða venjulegt íbúðarhúsnæði. En þótt svo væri, þá sé verðgildi eignarhlutarins slíkt að það væri ósanngjarnt að halda eigninni utan skipta. Henni verði því ekki haldið utan skipta á grundvelli 102. gr. hjúskaparlaga. Sóknaraðilar benda á að ákvæði 104. gr. hjúskaparlaga feli í sér þrönga undantekningarreglu frá meginreglunni um helmingaskipti og að sönnunarbyrðin hvíli á varnaraðila A að því leyti. Hún þurfi að sýna fram á með óyggjandi hætti að beiting helmingaskiptareglu yrði bersýnilega ósanngjörn í hennar garð.

Sóknaraðilar taka fram að hjúskapur D og A hafi staðið yfir í um 27 ár, auk þess sem þau hafi búið saman þar á undan í þrjú ár. Þau hafi haldið sameiginlegt heimili á þeim tíma. Varnaraðili hafi þó búið erlendis á árunum 2009–2019. Ekki verði ráðið af gögnum málsins að annað hjóna hafi flutt í búið verulega miklu meira en hitt við stofnun hjúskaparins. Órökstutt sé að tilteknir gjafagerningar hafi skapað tilefni til að víkja frá helmingaskiptareglu og engar gjafir til hennar hafi verið sérgreindar af hennar hálfu. Þá séu millifærslur varnaraðila I inn á bankareikning varnaraðila A sem spanna yfir áratug, óskýrar og órökstuddar og engin gögn til staðar um það hvernig þeim millifærslum hafi síðan verið ráðstafað. Þá hafi

ekki komið fram sem hnekki því að samstaða hafi verið á milli hjónanna á hjúskapartíma. Þá hafi hvort hjóna lagt ýmislegt til hjúskaparins og framfærslu hvors annars á meðan á honum stóð. D virðist hafa borið kostnað af sameiginlegu heimili þeirra að O í formi leigugreiðslna og annars kostnaðar. Hann hafi átt rétt til leiguhúsnæðisins vegna veikinda sinna og það húsnæði hafi verið heimili þeirra hjóna um langt árabíl. Varnaraðili A hafi ekki sýnt fram á með gögnum að verulega hafi munað á tekjuöflun og eignamyndun þeirra á hjúskapartíma. Þá hafi D aðstoðað við [starfsemi] hennar á hjúskapartímanum. Póstkassi hafi verið að O merktur starfseminni, auk þess sem D hafi haldið utan um gögn eins og framlögð gögn úr tölvu hans beri með sér. Þá hafi A þegið maka- og umönnunarbætur til þess að annast D eftir að hún kom frá [...]. Þá hafi varnaraðili frá dánardegi hans haft til afnota bifreið D, auk þess sem hún hafi óskað eftir að bifreiðin kæmi í hennar hlut við skiptin.

Með vísan til alls framangreinds telja sóknaraðilar að beita skuli helmingaskiptareglu 103. gr. hjúskaparlaga nr. 31/1993 við skipti dánarbúsins. Dánarbú D og varnaraðili A eigi því hvort um sig tilkall til helmings úr skírri hjúskapareign hins. Það eigi við um 73% eignarhlut varnaraðila A í fasteigninni E ásamt öðrum eignum búsins, þ.m.t. bifreiðinni.

Sóknaraðilar telja í öðru lagi að veðskuldabréf nr. [...] sem hvílir á séreign varnaraðila A að F teljist ekki til skulda dánarbúsins heldur skulda sem tilheyri séreigninni og falli því ekki undir skiptin. Stofnað hafi verið til veðskuldarinnar í beinum tengslum við kaup á fasteigninni með kaupsamningi 23. desember 1998. Með kaupmála á milli hjónanna 28. desember 1998 hafi fasteignin verið gerð að séreign varnaraðila A og sé skuldabréfsins getið í kaupmálanum. Veðskuldin teljist því ekki til skulda dánarbúsins og komi ekki til frádráttar þeim eignum sem skiptin taki til, sbr. 2. mgr. 101. gr. laga nr. 31/1993. Verði skuldinni ekki haldið utan skiptanna, þá telja sóknaraðilar að beita skuli skáskiptareglu 104. gr. laga nr. 31/1993, þar sem sú niðurstaða myndi leiða til óeðlilegrar og bersýnilega ósamngjarnar niðurstöðu um hlut D heitins við skiptin ef skuld sem komin er til vegna öflunar verðmæta sem ekki eiga undir skiptin yrði látin koma til frádráttar.

Í þriðja lagi er á því byggt að við útlagningu eigna skuli miðað við þau verðmöt sem skiptastjóri aflaði að teknu tilliti til hækkunar samkvæmt 5. mgr. 22. gr. laga nr. 20/1991. Annars vegar er um að ræða verðmat fasteignasala hjá [...], dags. 7. nóvember 2022, þar sem söluverð fasteignarinnar E á þeim tíma var metið 63.500.000 krónur. Hins vegar er um að ræða mat sölumanns hjá [...], dags. 3. nóvember 2022, þar sem söluverð bifreiðarinnar G á þeim tíma var metið á 1.600.000 krónur. Verðmata þessara hafi verið aflað í samræmi við 17.–23. gr. laga nr. 20/1991, sbr. 54. gr. laganna. Vísa sóknaraðilar til 1. mgr. 20. gr. laganna þar sem segi að við mat á eign til peningaverðs skuli miðað við gangverð hennar gegn staðgreiðslu kaupverðs. Telja sóknaraðilar að umrædd verðmöt séu bindandi við skiptin, sbr. 2. mgr. 22. gr. laga nr. 20/1991. Umrædd mót séu eldri en þriggja mánaða og því skuli hækka matsverðið samkvæmt 5. mgr. 22. gr. laga nr. 20/1991 kjósi varnaraðili A að nýta sér heimild sína til að leysa til sín greindar eignir.

Í fjórða lagi telja sóknaraðilar að krafa varnaraðila I að fjárhæð 12.376.428 krónur teljist ekki til skulda dánarbúsins. Er kröfunni jafnframt mótmælt sem of seint fram kominni. Henni hafi ekki verið lýst áður en kröfulýsingarfresti samkvæmt 2. mgr. 56. gr. laga nr. 20/1991 lauk. Krafan sé því fallin niður gagnvart búinu, sbr. 1. mgr. 58. gr. laganna. Auk þess sé kröfunni efnislega hafnað. Hún miðist við innborganir I á reikning A á tímabilinu janúar 2010 til júní 2021 og skiptist í höfuðstól, 8.780.708 krónur, og vexti, 3.595.720 krónur. Samkvæmt gögnum málsins hafi varnaraðilar lýst kröfunni ýmist sem kröfu á hendur dánarbúinu, gjöf frá I til A og svo þátttöku í sparnaði. Sé meint krafa og grundvöllur hennar þannig vægast sagt óljós.

2. Helstu málsástæður og lagarök varnaraðila, A.

Varnaraðili A kveður eignarhlut sinn í fasteigninni E ávallt hafa verið nýttan til atvinnurekstrar og því beri að halda eigninni fyrir utan skiptin. Fasteignin sé séreign hennar í atvinnurekstri og skuli standa utan skipta.

Einnig telur varnaraðili að fasteignin skuli teljast eign hennar samkvæmt skáskiptareglu hjúskaparlaga, sbr. 104. gr. laga nr. 31/1993. Þau hjón hafi verið með aðskilinn fjárhag allt frá stofnun hjúskaparins og engin fjárhagsleg samstaða hafi verið með þeim. Öll eignamyndun í hjúskapnum hafi auk þess verið tilkomin vegna tekna hennar og mikill munur hafi verið á fjárhagsstöðu þeirra. Þá hafi þau

haldið hvort sitt heimilið frá árinu 1998 til dánardags D. Því sé ekki ósanngjarnt að beita skáskiptum og víkja frá helmingaskiptareglunni. Þess vegna hafi það enga þýðingu að vísa til lengdar hjúskapar. Þá sé það ósannað að D hafi aðstoðað varnaraðila við [...] og hafi þannig tekið þátt í eignamyndun.

Hún hafi alfarið séð um framfærslu fjölskyldunnar. Þess vegna beri að líta á E sem séreign hennar í atvinnurekstri. Fasteignin sé komin til vegna persónubundinna réttinda hennar með vinnu hennar. Fasteignin E sé atvinnuhúsnæði hennar og hafi verið keypt fyrir tekjur af atvinnurekstri hennar til margra ára. Hún hafi verið með skráða atvinnustarfsemi þar hjá Skattinum frá árinu 2003. Engu skipti þó að kaupmáli á milli hennar og D hafi verið metinn ógildur. Fasteignina hafi hún nýtt vegna atvinnustarfsemi sinnar sem [...], en hún hafi verið með lögheimili að O.

Varnaraðili leggur á það áherslu að engin fjárhagsleg samstaða hafi verið með þeim hjónum. Þau hafi verið með hvort sinn bankareikninginn, enda hafi D viljað hafa allan fjárhag þeirra aðskilinn.

Varnaraðili bendir á að hún hafi greitt 30.000.000 króna 10. júlí 2019 til kaupa á 73% eignarhlut sínum í fasteigninni E, með sínum peningum eins og fram kemur á bankareikningum hennar. Íbúðin hafi kostaði 41.500.000 krónur og síðan hafi I tekið lán til þess að greiða fyrir sinn eignarhlut í henni sem hafi verið 27%. Skáskiptaregla 104. gr. hjúskaparlaga eigi því alveg við hér.

Varnaraðili telur lengd hjúskapar síns og D engu skipta vegna þess að hjónaband þeirra hafi verið algerlega formlegt á Íslandi. Þegar hún hafi komið frá [...] í byrjun árs 2019 hafi hún keypt íbúðina með sínum peningum og D hafi ekki borgað neitt, auk þess sem hann hafi ekki viljað að þau byggju undir sama þaki.

Varnaraðili A telur að hjúskaparskuldir vegna sameiginlegs láns, sem tekið var í tengslum við kaup á fasteigninni F, teljist til skulda dánarbúsins. Þá telur hún alveg ljóst að D hafi viljað vera meðskuldari að láninu sem tekið hafi verið vegna kaupa á F. Er þess krafist að eftirstöðvar lánsins, 1.924.032 krónur, verði taldar sameiginleg hjúskaparskulda A og D.

Þá telur varnaraðili A að viðmiðunarverð fasteignarinnar E miðist við fasteignamat á andlátsdegi D, [...] 2021, eða 32.156.000 krónur, en til vara að miðað verði við 42.000.000 króna samkvæmt verðmati P. Byggi sú krafa á sanngirnirökum.

3. *Varnaraðili I* byggir á því að hann hafi veitt A persónulegt lán til þess að greiða fyrir kaup á E. Sú skuld eigi að falla undir skuldir dánarbúsins.

Niðurstaða

Mál þetta barst dómnum með bréfi skiptastjóra dánarbús D, dags. 28. október 2024, á grundvelli 122. gr. laga nr. 20/1991 um skipti á dánarbúum o.fl.

Ágreiningur málsaðila lýtur í fyrsta lagi að því hvort víkja eigi frá meginreglu laga um að eignum dánarbús skuli skipt í samræmi við helmingaskiptareglu 103. gr. hjúskaparlaga nr. 31/1993. Lýtur ágreiningur nánar að því hvort 73% eignarhlutur fasteignarinnar E og bifreiðin G teljist hjúskapareign D heitins og varnaraðila, A, ekkju D. Í öðru lagi hvort veðskuldabréf nr. [...] sem hvílir á séreign A að F teljist til skulda dánarbúsins eða skuli fylgja séreigninni. Í þriðja lagi við hvaða dagsetningu beri að miða viðmiðunarverð eigna dánarbúsins við útlagningu og loks hvort krafa varnaraðila, I, á hendur dánarbúinu skuli teljast með skuldum dánarbúsins.

Víkur fyrst að 73% eignarhlut í fasteigninni E. Sóknaraðilar telja að skipta skuli eignarhlutnum í samræmi við helmingaskiptareglu 103. gr. laga nr. 31/1993. Varnaraðili A telur að uppfyllt séu skilyrði til frávika frá reglunni með heimild í 1. og 3. tölul. 1. mgr. 102. gr. laga nr. 31/1993, þar sem fasteignin hafi verið henni nauðsynleg til þess að geta sinnt sjálfstæðri starfsemi sinni við [...], en einnig með vísan til skáskiptareglu 104. gr. laganna.

Reglur XIV. kafla hjúskaparlaga um fjárskipti milli hjóna vegna hjúskaparslita o.fl. eiga einnig við um skipti vegna andláts maka nema annað leiði af einstökum ákvæðum, sbr. 2. mgr. 96. gr. laganna. Samkvæmt 99. gr. laganna taka skiptin til heildareigna hvors hjóna nema samningar um séreignir, reglur um lögmahtar séreignir eða fyrirmæli gefanda eða arfleiddanda mæli fyrir um annað eins og nánar greinir í ákvæðinu.

Helmingaskiptareglan er meginregla við fjárslit milli hjóna, bæði við skilnað og við andlát, sbr. 6. og 103. gr. hjúskaparlaga. Þannig segir í 103. gr. laganna að hvor maki um sig eða dánarbú hans eigi tilkall til helmings úr skírri hjúskapareign hins nema annað leiði af ákvæðum laga. Grundvallast reglan á því að í hjúskap sé að jafnaði efnahagsleg, félagsleg og persónuleg samstaða og stuðlar reglan að jafnstöðu maka við hjúskaparlok. Í dómaframkvæmd hefur verið litið svo á að skýra beri þröngt heimildir til frávika frá meginreglunni um helmingaskipti og að niðurstaða um það ráðist af heildstæðu mati á aðstæðum hverju sinni, sbr. t.d. dóm Hæstaréttar 1. september 2003 í máli nr. 288/2003 og einnig úrskurði Landsréttar 3. júlí 2019 í máli nr. 299/2019 og 28. mars 2023 í máli nr. 21/2023.

Samkvæmt 1. mgr. 104. gr. laga nr. 31/1993 má víkja frá reglum um helmingaskipti og ákvæðum um skipti á séreign ef skipti yrðu að öðrum kosti bersýnilega ósanngjörn fyrir annað hjóna. Þá geta frávík frá helmingaskiptum enn fremur átt sér stað þegar annað hjóna hefur með vinnu, framlögum til framfærslu fjölskyldunnar eða á annan hátt stuðlað verulega að aukningu á þeirri fjáreign sem falla ætti hinu hjóna í skaut eða hefur átt hlut að því að bæta fjáreign hins að öðru leyti, sbr. 2. mgr. 104. gr. Sönnunarbyrði um að skilyrði séu til skáskipta samkvæmt 104. gr. laganna hvílir á þeim sem heldur þeirri staðhæfingu fram.

Í athugasemdum um 104. gr. í því frumvarpi sem varð að lögum nr. 31/1993 kemur fram að með ákvæðinu sé valin sú leið að greina það sem frumforsendu og allsherjarforsendu fyrir fráviki frá helmingaskiptareglu að skiptin yrðu bersýnilega ósanngjörn að öðrum kosti fyrir annað hjóna. Þyki eðlilegt að reglan, sem raunar sé svonefnd vísiregla, hefjist á þessu greinimarki. Síðan séu sérgreind tilvik sem einkum beri að taka tillit til þegar sanngirnismælikvarði er á lagður, en þau séu ekki tæmandi talin í greininni. Er tiltekið að taka eigi tillit til fjárhags hjóna og lengdar hjúskapar. Einnig beri að hafa hliðsjón af því að annað hjóna kann að hafa flutt í búið við hjúskaparstofnun verðmæti sem eru verulega miklu meiri en þau er frá hinu stafa.

Hjúskapur varnaraðila A og D hafði varað í 27 ár þegar hann andaðist, en þau gengu í hjónaband á árinu 1994. Fyrir þann tíma höfðu þau verið í sambúð í þrjú ár. Af gögnum málsins verður ekki ráðið að annað hjónanna hafi við stofnun hjúskaparins átt eignir umfram hitt. Fasteignin F, sem er séreign A, var keypt á árinu 1998 og fasteignin G var keypt á árinu 2019 fyrir fjármagn sem A kveðst hafði safnað á bankareikningi sínum á hjúskapartímanum.

Samkvæmt búsetutímavottorði voru þau D og A allan hjúskapartímann með sameiginlegt lögheimili að O, og einnig á þeim tíma sem A dvaldi í [...], þ.e. árunum 2009–2019. Umrætt húsnæði að O er húsnæði á vegum Q sem D hafði fengið á leigu vegna veikinda sinna. Greiddi D leigu fyrir það húsnæði og annan kostnað við rekstur þess. Eftir andlát D flutti A í fasteign sína að E, þar sem hún var skráð með lögheimili frá 7. júlí 2021 og a.m.k. til 21. apríl 2023, samkvæmt því sem fram kemur í búsetutímavottorði þjóðskrár.

D heitinn hafði átt við veikindi að stríða frá árinu 2004. Hann var því ekki í fastri vinnu og naut fjárhagslegs stuðnings frá hinu opinbera í formi örorkubóta. Óumdeilt er að varnaraðili A starfaði við [...] allan búskapartíma þeirra D og hefur haft sjálfstæðar tekjur af þeirri starfsemi sinni. Eftir að hún kom frá [...] á árinu 2019 annaðist hún D í veikindum hans og fékk hún greiddar maka- og umönnunarbætur frá 1. nóvember 2019 og allt fram að andláti D, [...] 2021. Slíkar bætur eru ætlaðar þeim sem annast maka sinn eða annan aðila sem heldur heimili með greiðsluþeganum, sbr. 5. gr. laga nr. 99/2007.

Þegar framangreint er metið heildstætt, þar með talin tekjuöflun, takmarkaðar eignir þeirra D heitins og varnaraðila A í upphafi búskaparins, það að öll eignamyndun hafi orðið til á hjúskapartímanum og hinn langi hjúskapartími þeirra hjóna, verður ekki fallist á að beiting helmingaskiptareglu 103. gr. laga nr. 31/1993 verði talin bersýnilega ósanngjörn fyrir varnaraðila á grundvelli 104. gr. laganna. Er kröfu varnaraðila um að víkja beri frá helmingaskiptareglunni á þeim lagagrundvelli hafnað.

Kemur þá til skoðunar sú krafa varnaraðila A að eignarhlutur í fasteigninni E skuli falla utan skipta þar sem fasteignin sé henni nauðsynleg vegna atvinnustarfsemi hennar við [...], sbr. 1. tölul. 1. mgr. 102. gr. laga nr. 31/1993 svo og að eignarhluturinn teljist til persónulegra réttinda í skilningi 3. tölul. 1. mgr. 102. gr. laganna.

Ákvæði 1. tölul. 1. mgr. 33. gr. laga nr. 20/1991 um skipti á dánarbúum o.fl. mælir fyrir um að hafi sá látni verið í hjúskap þegar hann lést geti maki hans krafist þess að fá til eignar muni sem ella hefðu

talist til eigna dánarbúsins samkvæmt 1. mgr. 2. gr. ef þeir eru honum nauðsynlegir til að leggja áfram stund á atvinnu sína eða menntun eða þeirra hefur aðallega eða eingöngu verið aflað til afnota hans og verðgildi munanna sé ekki slíkt að afhending þeirra verði talin ósanngjörn gagnvart öðrum erfingjum eða skuldheimtumönnum þess látna. Efnislega samhljóða ákvæði er í 1. málsl. 1. tölul. 1. mgr. 102. gr. laga nr. 31/1993, sem mælir fyrir um verðmæti sem geti fallið utan skipta við fjárskipti hjóna vegna hjúskaparslita o.fl. Þá getur maki einnig, með heimild í 3. tölul. 1. mgr. 102. gr. laga nr. 31/1993, krafist þess að önnur verðmæti sem eru persónulegs eðlis komi ekki undir skiptin.

Í athugasemdum um 33. gr. í frumvarpi því sem varð að lögum um skipti á dánarbúum segir m.a. að maki geti fengið sína eigin muni undanþegna við skiptin eða muni þess látna afhenta sér til eignar án tillits til skiptanna, ef um er að ræða persónulega muni til nota makans eða muni sem hann þarfnast til menntunar sinnar eða atvinnu. Verðgildi þessara muna megi ekki vera verulegt af tilliti til hagsmuna annarra erfingja eða skuldheimtumanna. Ef greindum skilyrðum ákvæðisins er fullnægt getur makinn fengið munina í sinn hlut án þess að það reiknist honum til arfs eða búshluta.

Varnaraðili A hefur ekki rökstutt sérstaklega með hvaða hætti eignarhlutur hennar í fasteigninni E sé henni nauðsynlegur til þess að geta sinnt atvinnustarfsemi sinni við [...] eða með hvaða hætti hann sé persónulegs eðlis. Varnaraðili bendir á í því sambandi að um sé að ræða íbúð á 1. hæð í fjölbýlishúsinu E. Í íbúðinni sé að finna herbergi með sérinngangi þar sem hún sinni starfsemi sinni. Hún sé búsett í séreign sinni að f, en sinni starfi sínu í íbúðinni að E.

Með vísan til framangreinds og skýringa varnaraðila A er ekki hægt að fallast á að hún hafi leitt í ljós nauðsyn eignarinnar til áframhaldandi atvinnu sinnar við [...] og til að sinna starfi [...] eða að íbúðarinnar hafi eingöngu eða aðallega verið aflað til afnota í þeim tilgangi. Þannig liggur ekkert fyrir um að sérútbúnað sé að finna í fasteigninni er sé varnaraðila nauðsynlegur til að geta sinnt störfum sínum eða að slík starfsemi krefjist slíks búnaðar. Við þetta bætist að telja verður verðmæti fasteignarinnar verulegt í skilningi ákvæðisins, þannig að ósanngjarnt teldist gagnvart öðrum erfingjum ef fallist yrði á kröfu varnaraðila. Verður því ekki talið að fullnægt sé skilyrðum 1. tölul. 1. mgr. 33. gr. laga nr. 20/1991. Með sömu rökum verður ekki heldur talið að sýnt hafi verið fram á að fasteignin falli undir persónubundin réttindi sem halda beri utan skipta í skilningi 3. tölul. 1. mgr. 102. gr. laga 31/1993, en með persónubundnum réttindum er einkum átt við ýmis framfærslu- og lífeyrisréttindi og bótaréttindi vegna miska og þjáninga eins og nánar greinir í athugasemdum um 102. gr. í frumvarpi því sem varð að hjúskaparlögum. Er því hafnað kröfu varnaraðila A um að eignarhlut hennar í fasteigninni E verði haldið utan skipta á þeim grundvelli að hún sé henni nauðsynleg vegna atvinnu hennar eða um persónubundin réttinda sé að ræða.

Að því er varðar kröfu varnaraðila um að tekið verði tillit til framlags hennar að fjárhæð 500.000 krónur til kaupa á bifreiðinni G, þá er með vísan til meginreglu 103. gr. laga nr. 31/1993 þeirri kröfu hafnað þar sem bifreiðin er hjúskapareign og skal skipt í samræmi við helmingaskiptareglu.

Víkur næst að ágreiningi málsaðila um hvort veðskuldabréf nr. [...], dags. 23. desember 1998, sem hvílir á séreign varnaraðila skuli teljast til skulda dánarbúsins eða hvort um sé að ræða skuld er sé í beinum tengslum við séreign varnaraðila A að F og komi ekki til skipta. Fasteignin að F var gerð að séreign A með kaupmála, dags. 28. desember 1998. Skuldarinnar var getið í kaupmálanum en í honum segir nánar að áhvílandi veðskuldir séu 6.709.019 krónur.

Í 2. mgr. 101. gr. laga nr. 31/1993 er mælt fyrir um að ef skuld stafar frá öflun verðmæta sem ekki eiga undir skiptin eða af kostnaði vegna þeirra komi hún ekki til frádráttar við fjárskiptin. Í athugasemdum um 2. mgr. 101. gr. í frumvarpi því sem varð að lögum nr. 31/1993 segir að 2. mgr. lagagreinarinnar verði skuldir er stafi frá öflun verðmæta sem eigi komi undir skiptin eða af kostnaði vegna þeirra. Samkvæmt ákvæðinu komi þessar skuldir ekki til frádráttar við fjárskiptin. Auðsæ rök séu til þess. Arður af slíkum eignum komi ekki heldur undir skiptin.

Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að stofnað hafi verið til veðskuldar þessarar í tengslum við kaup varnaraðila á fasteigninni F. Með vísan til greinds ákvæðis 2. mgr. 101. gr. laga nr. 31/1993 telst slík skuld ekki til skulda dánarbúsins sem draga beri frá eignum sem skiptin taka til. Er þessari kröfu varnaraðila A því hafnað.

Kemur þá til skoðunar ágreiningur aðila um við hvaða tímamark skuli miða verðmæti fasteignarinnar E. Sóknaraðilar krefjast þess að miðað verði við verðmat sem skiptastjóri aflaði að viðbættri hækkun samkvæmt 5. mgr. 22. gr. laga nr. 20/1991. Varnaraðili A krefst þess á hinn bóginn að markaðsverðmæti eignar hennar eins og það var á dánardegi D heitins [...]2021 verði lagt til grundvallar eða fasteignamat eins og það var á þeim tíma.

Skiptastjóri aflaði verðmata á fasteigninni E og á bifreiðinni G á grundvelli ákvæða 17.–23. gr. og 4. mgr. 54. gr. laga nr. 20/1991. Var verðmat fasteignarinnar 63.500.000 krónur samkvæmt mati fasteignasala, dags. 7. nóvember 2022, og verðmæti bifreiðarinnar 1.600.000 krónur samkvæmt mati bifreiðasala, dags. 3. nóvember 2022. Ekki er ágreiningur um að verð eignanna hafi verið rétt metið á þeim tíma sem það var gert af fasteignasala og bílasala.

Í 1. mgr. 20. gr. laga nr. 20/1991 segir að við mat á eign til peningaverðs skuli miðað við gangverð hennar gegn staðgreiðslu kaupverðs. Þá er í 5. mgr. 22. gr. mælt fyrir um að hafi innlausn eða útlagning ekki átt sér stað á grundvelli matsniðurstöðu innan þriggja mánaða frá því matið var gert og erfingjar hafa ekki samið um annað, þá skuli hækka matsverð hvernar eignar sem nemur meðaltali hæstu vaxta af innlánsreikningum í bönkum og sparisjóðum frá matsdegi. Eins skuli farið að ef maki þess látna hyggst leysa til sín eignir umfram búshluta og arfshluta og meira en þrjú mánuðir líða frá öflun mats þar til hann greiðir innlausnarverð. Í athugasemdum um 5. mgr. 22. gr. laganna í frumvarpi því sem varð að lögum um gjaldþrotaskipti o.fl. kemur fram að telja verði slíkt nauðsynlegt til að tryggja jafnræði milli erfingja. Þá leiði ákvæði 22. gr. til þess að matsniðurstöðum verði ekki breytt við skiptin.

Skiptastjóri aflaði verðmats á fasteigninni í samræmi við greind ákvæði laganna og ber því að leggja það verð til grundvallar við skiptin við útlagningu eignarinnar. Verður því mati ekki breytt við skiptin, sbr. til hliðsjónar dóm Hæstaréttar 28. nóvember 2006 í máli nr. 579/2006. Þá skal hækka matsverð eins og mælt er fyrir um í 5. mgr. 22. gr. laga nr. 20/1991, enda eru fyrirbyggjandi mót eldri en þriggja mánaða. Með vísan til þessa verður að hafna kröfu varnaraðila A um að við útlagningu fasteignarinnar til hennar verði miðað við markaðsverðmæti fasteignarinnar eða fasteignamat eins og það var þegar D féll frá [...] árið 2021, enda væri slík niðurstaða í beinni andstöðu við greind ákvæði laganna.

Að lokum kemur til skoðunar fjárfrafa varnaraðila I að fjárhæð 12.376.428 krónur á hendur dánarbúinu. Umrædd krafa er sögð tilkomin vegna persónulegs láns hans til móður sinnar, þ.e. varnaraðila A.

Innköllun var birt 4. febrúar 2022 og var kröfunni lýst gagnvart dánarbúinu 15. nóvember 2022. Lengd kröfulýsingarfrests er tveir mánuðir frá því að innköllun er birt, sbr. 2. mgr. 56. gr. laga nr. 20/1991. Krafan telst því fallin niður gagnvart búinu, sbr. 1. mgr. 58. gr. laga nr. 20/1991. Þá þykir rétt að taka fram að meint krafa er í meira lagi óskýr, misvísandi skýringar hafa verið lagðar fram um grundvöll hennar af hálfu varnaraðila I auk þess sem framlögð gögn veita ekki vísbendingu um lánið, svo sem upplýsingar úr skattframtölum, en sönnunarbyrðin þar um hvílir á varnaraðila.

Með vísan til alls þess er að framan greinir er hafnað öllum kröfum varnaraðila í máli þessu.

Fallist er á allar kröfur sóknaraðila í máli þess eins og nánar greinir í úrskurðarorði.

Eftir úrslitum málsins og með vísan til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 2. mgr. 131. gr. laga nr. 20/1991, ber varnaraðila A að greiða sóknaraðilum, hvorum um sig, 800.000 krónur í málskostnað og varnaraðila I bera að greiða varnaraðilum, hvorum um sig, 200.000 krónur í málskostnað.

Ragnheiður Snorradóttir héraðsdómari kveður upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Fallist er á kröfur sóknaraðila, B og C, um að við opinber skipti á dánarbúi D skuli beita helminga-skiptareglu hjúskaparlaga, þ. á m. um fasteignina E.

Fallist er á kröfu sóknaraðila um að veðskuldabréf nr. [...], sem hvílir á séreign varnaraðila A að F, skuli ekki teljast til skulda dánarbúsins.

Fallist er á kröfu sóknaraðila um að miða beri verðmat fasteignarinnar E og bifreiðarinnar G við verðmæti þeirra þegar útlagning fer fram.

Hafnað er öllum kröfum varnaraðila A.

Hafnað er kröfu varnaraðila I.

Varnaraðili, A, greiði sóknaraðilum, hvorum um sig, 800.000 krónur í málskostnað.

Varnaraðili, I, greiði sóknaraðilum, hvorum um sig, 200.000 krónur í málskostnað.